



Hestamannafélagið Glaður

Brekkuhvammi 10
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 4. mars 2010

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur Hestamannafélagsins Glaðs haldinn í Grunnskólanum Búðardal 4. mars 2010.

Mættir voru: Eyþór, Valberg, Viðar, Guðbjörn, Viðar, Svala og Rúnar sem mætti sem varamaður.

1. Eyþór fór yfir það sem gert hefur verið á vegum hestamannafélagsins. Hann mætti á fund í Borgarnesi ásamt tveim öðrum úr stjórn. Þar var rætt t.d. um framtíð Kaldármela. Það er mikill vilji að halda fjórðungsmót með svipuðu sniði.
2. Fyrir liggur að hestamannafélögin Faxi og Skuggi sameinast í eitt félag.
3. Hugmynd er að halda reiðhallarsýningu í Borgarnesi. Yrði það 3 daga mót með ýmsum uppákomum. Glaður þarf að tilnefna 1 fulltrúa, var ákveðið að Svala Svavarsdóttir yrði fulltrúi.
4. Formaður sagði frá hugmynd sinni að Glaður héldi reiðhallarsýningu í Búðardal t.d. í tengslum við lok reiðnámskeiðs. Ákveðið var að stefna að þessari uppákomu. Athuga með vilja Hestaeigendafélagsins.
5. Eyþór hafði samband við Skessuhorn um hvort þeir vilji kaupa auglýsingar í reiðhöllina. Töldu þeir sig ekki hafa burði til þess en buðu kynningu á viðburðum í stað auglýsinga.
6. Huga þarf að því að halda aðalfund, stefna að halda hann 24. mars.
7. Komin voru á fundinn þrjú úr mótanefnd: Einar, Skjöldur og Ingibjörg. Ræddi formaður um að betra skipulag þyrfti að vera á mótum, heyrst hefur að óánægja hefði komið upp eftir síðasta mót. Þó nokkrar umræður urðu um fyrirkomulag á mótum, skiptar skoðanir hvort vetrarleikar eigi að vera opnir eða lokaðir fyrir Glaðsmenn. Ákveðið var að næstu vetrarleikar yrðu lokaðir. Athuga með að fá úrtökumót fyrir landsmót með öðrum félögum Vesturlands.

Fleira ekki gert, fundi slitið,

Rúnar Jónasson (sign)
Valberg Sigfússon (sign)
Eyþór J. Gíslason (sign)
Guðbjörn Guðmundsson (sign)
Viðar Þór Ólafsson (sign)
Svala Svavarsdóttir (sign)